



**LANDSSAMBAND STANGAVEIÐIFÉLAGA**  
THE ASSOCIATION OF ICELANDIC ANGLING CLUBS

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1646*  
*komudagur 18.4.2006*

Landbúnaðarnefnd Alþingis.  
Nefndarsvið Alþingis.  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Garðabær 15 apríl 2006.

**Umsögn um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.**

Landssamband Stangaveiðifélaga fagnar því tækifæri að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. Að mat landsambandsins er hér um skýran lagatexta að ræða og gerir landsambandið ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst.

F.h. Landssambands Stangaveiðifélaga.

Ingólfur Þorbjörnsson  
Formaður.



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

**Alþingi**

**Erindi nr. P 132/1633**

**komudagur 18.4.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2006

## **Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um:**

- Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607 mál, þskj. 891
- Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897
- Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898
- Frumvarp til laga um eldi vatnáfiska. 595. mál, þskj. 879
- Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

Landssamband veiðifélaga hefur fengið ofangreind frumvörp til laga til umsagnar og fylgir umsögn okkar hér með.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigbórsson,  
formaður LV

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé ekki stunduð með ólöglegum hætti. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi. Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

### **Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897**

Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á við endurskoðun laganna um Veiðimálastofnum að ekki verði hróflað við faglegu sjálfstæði stofnunarinnar. LV hefur á undanförunum aðalfundum ályktað um að efla beri Veiðimálastofnun til að hún geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Því miður eru fjárveitingar til Veiðimálastofnunar lágur undanfarin ár og standa hvergi undir rekstri hennar. Lætur nærri að 2/3 tekna Veiðimálastofnunar komi af sjálfsaflafé. Í þessu ljósi gerir LV athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

Í 1. gr. falli brott málsgreinin “*Veiðimálsstofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.*” LV telur slíka málsgrein í lögnum algjörlega óþarfa enda ekkert að finna þar sem hindrar að slík samvinna eða samstarf geti farið fram og þá á jafnréttisgrundvelli. Lögbinding á samstarfi og samvinnu eins og frumvarpið kveður á um er andstætt þeim markmiðum um faglegt sjálfstæði stofnunarinnar sem LV vill standa vörð um við mótun hennar.

Í 3. gr. er gerð sú breyting að í stað stjórnar stofnunarinnar er nú komið fagrað. Í ljósi þess að mikill meirihluti tekna stofnunarinnar kemur af sjálfsaflafé en ekki úr ríkissjóði leggst LV gegn þessari breytingu.

Ekki eru fleiri athugasemdir við frumvarpið.

### **X Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898**

Landssamband veiðifélaga gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp um fiskrækt.

### **Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879**

Efnisatriði frumvarps um eldi vatnafiska er að mestu að finna í gildandi lögum um lax- og silungsveiði IX. kafla. Helstu viðbætur er að finna í 1. og 2. gr. laganna. Landssamband veiðifélaga telur varúðarreglu 1. gr. til mikilla bóta og í réttu samhengi við ný ákvæði sem er að finna í 19. gr. laganna um skaðabætur vegna tjóns sem stafar af starfsemi eldisfyrirtækja.

*Frv. til laga um fiskrækt.  
Þskj. 898 – 613 mál, Alþingi 2005 – 2006.*

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1989**  
**komudagur 2.5.2006**

1.gr. Markmið hljóði svo:

*Markmið laga þessara er fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.*

**Laxfiskar ehf**  
 Jóhannes Sturlaugsson  
 Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær  
 Sími: 664 70 80  
 Tölvupóstfang: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Salmon and Trout Research  
**Alþingi**  
*Erindi nr. Þ 132/1678*  
*komudagur 19.4.2006*  
 18. apríl 2006

**Umsögn til Landbúnaðarnefndar Alþingis um:  
 Þskj. 898 — 613. mál. Frumvarp til laga um fiskrækt.**

**Umsögn um lagafrumvarpið í heild**

Lagafrumvarpið um Fiskrækt sem hér er til umræðu og samstæð systurfrumvörp þess sem lögð eru fram samhliða (Þskj.:891; 879; 880; 897) til að þau fái samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu, eru til samans arftakar Lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 (með síðari tíma breytingum). Einkennilegt má teljast að við gerð þessara lagafrumvarpa að lög um Fiskræktarsjóð eru ekki færð í nýjan búning líkt og allt annað efni lax- og silungsveiðilaganna frá 1970. Í umræðum (1. umræðu) á Alþingi kom fram að ástæða þess var óeining innan ríkisstjórnarinnar um þann hluta. Ef þetta frumvarp og systurfrumvörp þess verða afgreidd frá þessu þingi þá munu lög um Fiskræktarsjóð halda sínum sessi áfram í umgjörð Lax- og silungsveiðilaganna sem þá munu fá nafnið "eldri lög um lax- og silungsveiði". Vegna þessa vakna eðlilegar spurningar um það hvað valdi því að svo mikið liggur á að ganga frá því frumvarpi sem hér er veitt umsögn og systurfrumvörpum þess. Fyrst að ekki hefur verið gengið frá endanlegri mynd lagaákvæða sem mynda umgjörð fyrir starfsemi Fiskræktarsjóðs. Umræddur Fiskræktarsjóðshluti er enn eitt dæmið sem vísar til þess að rétt sé að fresta endanlegri þingmeðferð þessa lagaumhverfis í heild til næsta löggjafarþings (2006-2007).

Í upphafi þessarar umsagnar er sett fram almennt álit á lagafrumvarpinu. Í þeirri almennu umsögn undirritaðs um frumvarpið er með rökum fjallað um gegnumgangandi galla þess að óbreyttu, með það að markmiði að gallarnir séu sniðnir burtu í meðförum Alþingis. Þessir gallar að mati undirritaðs eru með vísun í greinar sem innihalda ákvæði sem valda samkeppnishömlum gagnvart starfsemi einkaaðila sem leggja stund á rannsóknir og ráðgjöf er falla undir lögsögu frumvarpsins og systurfrumvarpa þess. Þetta kemur til af því að þau lögboðnu verk sem sumar greinar frumvarpsins kveða á um að þurfi að framkvæma af fagaðilum við tiltekna aðstæður (umsagnir, úttektir o.þ.h.) eru einskorðuð við það að Veiðimálastofnun framkvæmi þau verk. Sú lagalega einokun lögboðinna umsagna, úttekta o.þ.h. Veiðimálastofnun til handa væri nánast skiljanleg ef Veiðimálastofnun hefði til að bera hlutleysi. Því er hinsvegar ekki að fagna miðað við óbreytt lagafrumvarp um Veiðimálastofnun sem gerir ráð fyrir því að stofnunin standi að vinnu við lögboðnar umsagnir, úttektir o.þ.h. og samhliða geti stofnunin staðið í samkeppni við einkaaðila um önnur rannsóknaverk á sama sviði. Vegna þessa er hér ítrekað að slíkir hagsmunaárekstrar munu vera til staðar ef frumvarp um Veiðimálastofnun verður samþykkt óbreytt hvað þetta varðar (sjá nánar umsögn undirritaðs - Laxfiskar ehf um lagafrumvarp um Veiðimálastofnun, þskj. 897). Í kjölfar þessa almenna álits heldur síðan umsögnin áfram með umfjöllun um þær greinar frumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við.

### Umsögn með vísun í tilteknar greinar lagafrumvarpsins

Hér að framan hafa verið tilgreindar athugasemdir sem varða lagafrumvarpið í heild. Hér að neðan verða frekari athugasemdir settar fram fyrir þær greinar frumvarpsins sem talin er nauðsyn að gera athugasemdir við sérstaklega. Uppsetningin er með þeim hætti að tiltekinn er texti þeirra greina lagafrumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við, eins og hann var þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Breytingar á greinatexta frumvarpsins eru allar auðkenndar með því að hfa þá stafi rauða. Texti sem lagt er til að fella í burtu er yfirstrikaður og nýr texti er hafður með skáletri. Stundum eru þó settar fram almennar aðfinnslur við efni tiltekinna greina lagafrumvarpsins án þess að breytingartillögur við greinatexta fylgi. Tilgangurinn er engu að síður sá sami, nefnilega að hvetja þá sem ráða endanlegri mynd lagafrumvarpsins til að lagfæringa á tilgreindum greinum.

Ef Veiðimálastofnun er ekki skapað hlutleysi með því ganga frá fyrirliggjandi lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun (þskj. 897 - 595 mál) með þeim hætti að stofnunin láti af samkeppni við einkaaðila í rannsóknum og ráðgjöf. Þá er tómt mál að tala um það, að það sé bundið í lagafrumvarpið sem hér er unnin umsögn um að Veiðimálastofnun sé sá aðili sem sjái um öll lögbundin verk sem greinar frumvarpsins kveða á um að framkvæmd séu af fagaðila. Þar til Veiðimálastofnun öðlast slíkt hlutleysi þá er það tillaga undirritaðs að í öllum greinum frumvarpsins þar sem Veiðimálastofnun er nefnd til sögunnar í þessu tilliti sé þeirri tilvitnun eytt og í staðinn sé fellt inn á sambærilegan máta í staðinn "rannsóknaraðili á sviði fiskifræði".

Varðandi ýmis leyfi sem lagafrumvarpið kveður á um sem og enn önnur leyfi sem er að finna í samstæðu lagafrumvarpi um eldi vatnafiska (þskj. 879-595 mál.). Þá er hér gert að tillögu að samhæfa þau leyfi og samstillja með hliðsjón af gildistíma eftir því sem mögulegt er.

#### 4. gr.

##### *Stjórnsýsla.*

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar, ~~Veiðimálastofnunar~~ *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði* og fisksjúkdómanefndar sem starfar samkvæmt lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.

#### 6. gr.

##### *Samþykkt fiskræktaráætlunar.*

Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að Landbúnaðarstofnun hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Landbúnaðarstofnun leita umsagnar ~~Veiðimálastofnunar~~ *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði*. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem Landbúnaðarstofnun telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.

**8. gr.****Fiskrækt í ám og vötnum.**

Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni. Ef enginn fiskur er til staðar í straum- eða stöðuvatni sem fiskrækt skal stunduð í. Þá skal leitast við að nota þá fiskstofna sem koma úr vötnum sem eru hvað næst vettvangi fiskræktarsvæðisins. Afla skal leyfi til fiskræktar hjá Landbúnaðarstofnun sem jafnframt kveður á um það hvort afla þurfi frekari upplýsinga en þeirra sem koma fram í tilheyrandi fiskræktaráætlun.

**9. gr.****Bann við flutningi laxfisks milli veiðivatna.**

Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiði er óheimill.

**10. gr.****Undanþága.**

Landbúnaðarstofnun getur veitt undanþágu frá banni skv. 8. og 9. gr. Til þess að fá slíka undanþágu þarf veiðifélag eða veiðiréttarhafar veiðivatns, þar sem ekki er veiðifélag, að sækja um það til Landbúnaðarstofnunar. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Undanþágu skal veita til 5 ára í senn og skal sá tími ná yfir sama tímabil og fiskræktaráætlunin sem gerð er vegna flutninganna. Með þeim hætti næst fram eðlileg hagræðing. Fiskræktaráætlun með tilheyrandi greinagerð umsækjanda er skilað inn til Landbúnaðarstofnunar. Samhliða skal skila umsókn um undanþágu vegna flutnings fiskanna og. Með umsókn um undanþágu skal fylgja greinargerð umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd og umsagnir umsögnum fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar rannsóknaraðila á sviði fiskifræði um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lifrikið, þ.m.t. hættu á erfðamengun. Sá er undanþágu beiðist ber kostnað af gerð umsagna. Við endurnýjum umsagna samhliða endurnýjun á undanþágu og samhliða á fiskræktaráætlun, þá gildir ef aðstæður og aðrar forsendur hafa ekkert breyst þá þarf viðkomandi umsagnaraðili aðeins að staðfesta óbreyttar forsendur og aðstæður og vísa í fyrri umsókn. Að öðrum kosti þarf hefðbundna vinnu við umsögn. Undanþága fellur úr gildi ef tilfallandi aðstæður kalla á slíkt s.s. fiskverndarsjónarmið með vísun í lög um varnir gegn fisksjúkdómum. Ef rökstuddur grunur leikur á að beita þurfi slíkri afturköllun undanþágu þá er staðfesting þess efnis fengin frá sérfræðingi á tilsvarendi sviði s.s. dýralækni fisksjúkdóma ef verjast þarf fisksjúkdómum.

Landbúnaðarstofnun getur afgreitt undanþágur frá ákvæðum 8. gr. að fengnum sérfræðilegum umsögnum, en um umsókn um undanþágu frá ákvæðum 9. gr. gilda ákvæði 11. gr.

*JÓHANNES STURLAUGSSON*

Jóhannes Sturlaugsson

**LAXFISKAR**

Tölvupóstfang: [johannes@laxfiskar.is](mailto:johannes@laxfiskar.is)

Laxfiskar ehf  
Hraðestaðir 1  
Pósthólf 280  
270 Mosfellsbær  
Sími: 664 70 80

*Alþingi*  
*Erindi nr. P132/1728*  
*komudagur 21. 4. 2006*

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elísabet Rán Andrésdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006  
2006030037/42-1  
JGO/rsb

### **Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál - umsögn**

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um fiskrækt, 613. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

#### *1. gr. Markmið*

Markmiðslýsingin sem sett er fram í þessari grein er mjög skýr samkvæmt orðanna hljóðan. Þegar greinin er hins vegar lesin með tilliti til 3. gr. frumvarpsins, sem fjallar um skilgreiningar, vandast málið. Samkvæmt 3. gr. hefur orðið "fiskur" ekki lengur sína hefðbundnu merkingu heldur nær það til allra "lagardýra sem lifa í sjó eða fersku vatni". Og samkvæmt sömu grein fær orðið "lagardýr" einnig nýja merkingu og nær eingöngu til dýra í sjó eða fersku vatni sem hafa kalt blóð, selir og hvalir eru því ekki lengur lagardýr. Hins vegar eru marflær, hrúðurkarlar, ígulker, möttuldýr, svampar, burstormar, mosadýr og vatnabobbar orðin að fiskum samkvæmt frumvarpinu, svo nokkur dæmi séu tekin. Hugtökin "fiskrækt", "fiskstofn" og "alífiskur" ber því að skoða í þessu nýja ljósi.

Náttúrufræðistofnun telur mjög vafasamt að breyta merkingu íslenskra orða sem öll þjóðin þekkir og eru vel skilgeind í náttúrufræðum. Ef ætlun löggjafans er að fiskræktarlög nái til fleiri dýra en fiska ætti einfaldlega að nefna þau í lagatextanum.

#### *2. gr. Gildissvið*

Náttúrufræðistofnun er sammála því að gæta þurfi samræmis við framkvæmd laga um fiskrækt og laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Stofnunin telur jafnframt að kveða ætti á um mikilvægi þess að gæta að lögum um náttúruvernd við framkvæmd fiskræktarlaga.

#### *3. gr. Skilgreiningar*

Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að hugtök sem notuð eru í lagatexta séu vel skilgreind og hafi skýra merkingu. Stofnunin sér hins vegar ekki nauðsyn þess að skilgreina í lagatexta góð og gild orð, sem finna má í íslenskum orðabókum og hafa vel þekktá skírskotun. Niðurstaðan verður oft einhver óskapnaður sem fáir skilja og getur valdið





misskilningi við túlkun laga og framkvæmd. Þannig verður t.d. ekki séð að raunveruleg þörf sé á að skilgreina í lögum orðið "sjór" (= "Salt vatn utan árósa") eða orðið "vatn" (= "Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn").

Mikilvægt er að gæta samræmis í skilgreiningum á hugtökum, en það virðist ekki vera gert í þessu frumvarpi (sama á reyndar við í systurfrumvörpum um lax- og silungsveiði, eldi vatnafiska og um varnir gegn fisksjúkdómum). Áður er nefnt að orðið "fiskur" tekur hér til allra lagardýra sem lifa í sjó og vatni. Orðið "lagardýr" tekur til allra dýra með kalt blóð í sjó og fersku vatni. En orðið "eldisdýr" er skilgreint sem "lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr...", sem er einkennilegt þar sem búið er að skilgreina krabbadýr og lindýr sem fiska! Þá er vandséð hvernig skilgreiningin á orðinu "vatnafiskur" (tl. 23) samræmist öðrum skilgreiningum?

"Fiskstofn", skv. frumvarpinu, er "hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma" (tl. 7). Því er ekki þörf fyrir sérstaka skilgreiningu á orðinu "laxastofn" (tl. 16), en í frumvarpinu segir að "laxastofn" sé "hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma". Ætti ekki með sama hætti að skilgreina "silungastofn", "lindýrastofn" og "bleikjustofn"? Samkvæmt frumvarpinu er heldur ekki þörf fyrir að skilgreina sérstaklega hugtakið "villtur fiskstofn" (tl. 26). "Villtur fiskstofn er "hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma". Er þá enginn munur á "fiskstofni" og "villtum fiskstofni"?

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær.

#### 5. gr. *Fiskræktaráætlun*

Náttúrufræðistofnun leggur til að orðalagi greinarinnar verði breytt til að gera markmiðin skýrari. Í greininni er rætt um að "þannig sé að fiskirækt staðið í hvítetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum". Í greinargerð með þessari grein segir að markmiðið með henni sé að "fiskrækt spilli ekki lífríki vatna né villtum fiskstofnum eða sjálfbærri nýtingu þeirra". Stofnunin leggur til að í stað orðanna "vistkerfa villtra ferskvatnsfiskstofna" (skelfilegt orð) komi "vistkerfi ferskvatns".

#### 6. gr. *Samþykkt fiskræktaráætlunar*

Í ljósi þeirra umhverfisáhrifa sem fiskrækt getur haft í för með sér leggur Náttúrufræðistofnun til að Landbúnaðarstofnun þurfi ekki aðeins að leita umsagnar Veiðimálastofnunar áður en áætlun er samþykkt, heldur einnig Umhverfisstofnunar.

#### 10. gr. *Undanþága*

Með vísun til 41. gr. laga um náttúruvernd telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að með umsókn um undanþágu sem rætt er um fylgi umsögn Umhverfisstofnunar eða ráðgjafarnefndar umhverfisráðherra (sjá 41. gr. náttúruverndarlaga).

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1631  
komudagur 18. 4. 2006

Akranes 16. 4. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 28. mars sl. fór landbúnaðarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um eftirgreind frumvörp til laga:

1. Frumvarp til laga um eldi vatnasfiska, 595. mál.
2. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.
3. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál.
4. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.
5. Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.

Stjórn félagsins hefur fjallað um frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Ólafur Þ. Hauksson.

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1817  
komudagur 25. 4. 2006

UST

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

24. apríl 2006

Skjalanúmer: 45.0

Tilvísun: UST20060300158/KG

### Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál


Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.

Umhverfisstofnun vísar til þess að í framangreindu erindi nefndarinnar er jafnframt óskað umsagnar stofnunarinnar um 4 önnur frumvörp en öll þessi mál tengjast endurskoðun á núgildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Athugasemdir um þá heildarendurskoðun er að finna í meðfylgjandi greinargerð (í umfjöllun um 16. gr. frumvarpsins). Umhverfisstofnun áréttar að þau atriði sem hér um ræðir eiga jafnframt við um umsagnir við frumvörp um eldi vatnafiska (595. mál), um varnir gegn fisksjúkdómum (596. mál), um lax- og silungsveiði (607. mál) og um Veiðimálastofnun (612. mál) eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi greinargerð eru jafnframt sértækar athugasemdir Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál. Óski landbúnaðarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigrubjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Meðf.: Greinargerð – athugasemdir við frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál  
Afrit: Umhverfissráðuneytið

## Greinargerð

### Athugasemdir við frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál

#### Almennar athugasemdir:

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur víðtækt hlutverk á sviði náttúruverndar skv. lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, auk þess sem fiskeldi er starfsleyfisskyld starfsemi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að áður en reglugerðir eru settar, og margvíslegar framkvæmdir og aðgerðir leyfðar (t.d. 4., 6. og 10. gr. frumvarpsins) skuli leitað álits stofnunarinnar.

#### Athugasemdir um einstakar greinar:

##### 3. gr. Skilgreiningar.

- 3. tl. *Fiskeldi*. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining á fiskeldi í þessum lögum er ekki fyllilega í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar. Leggur stofnunin til að gætt sé að fullu samræmis milli skilgreininga. Eftir að valið hefur verið orðalag verði jafnframt samþykkt frumvarpsins breytt viðeigandi ákvæðum í öðrum lögum.
- 6. tl. *Fiskræktarslepping*. Umhverfisstofnun bendir á að orðið „fiskræktarslepping“ kemur hvergi fyrir í texta frumvarpsins. Stofnunin leggur til að annað hvort verði notað orðið „slepping“ (sem ekki er heldur gott orð) eða skilgreiningu hreinlega sleppt.
- 7. tl. *Fiskstofn*. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreiningin á fiskstofni er nánast orðrétt eins og skilgreiningin á villtum fiskstofni (26. tl.)
- 8. tl. *Fiskur*. Umhverfisstofnun leggur til smávægilega orðalagsbreytingu til skýringar og nánari afmörkunar: „...tegunda lagardýra sem lifa í fersku vatni og sjó...“
- 18. tl. *Sjór* og 21. tl. *Vatn*. Umhverfisstofnun telur að gæta þurfi betur að afmörkun framangreindra skilgreininga. Annars vegar er tilgreint **salt vatn fyrir utan** árósa og hins vegar **ósalt vatn**. Hvað með ósasvæði fyrir innan sjálfan ósinn en þar sem gætur seltuáhrifa (t.d. lón fyrir innan ósa)?

##### 4. gr. Stjórnýsla

Umhverfisstofnun óskar eftir því að áður en settar eru reglugerðir um framkvæmd laganna verði leita umsagnar stofnunarinnar.

##### 6. gr. Samþykkt fiskræktaráætlunar

Umhverfisstofnun óskar eftir því að áður en fiskræktaráætlun verði samþykkt skuli leitað álits stofnunarinnar.

##### 9. gr. Bann við flutningi laxfisks milli veiðivatna

Umhverfisstofnun bendir á að laxfiskur er ekki skilgreindur í 3. gr. Leggur stofnunin til að annað hvort verði svo gert ellegar notað hugtakið „vatnafiskur“ í staðinn fyrir „laxfiskur“.

10. gr. Undanþága

Umhverfisstofnun telur að herða þurfi til muna kröfur varðandi undanþágur frá banni við flutningi fiskistofna milli veiðivatna og að slík undanþága verði einungis veitt að fenginni **jákvæðri** umsögn fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og **Umhverfisstofnunar**.

12. gr. Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar

Umhverfisstofnun telur eðlilega og góða stjórnsýslu að ákvarðanir sbr. þær sem tilgreindar eru í 12. gr. frumvarpsins séu kærarlegar til ráðherra og vísast hér m.a. til almennra stjórnsýslulaga.

16. gr. Nafnbreyting

Umhverfisstofnun hefur fengið til umfjöllunar 5 frumvörp sem lúta að endurskoðun og breytingum á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Vísað er til frumvarpa um eldi vatnafiska (595. mál), um varnir gegn fisksjúkdómum (596. mál), um lax- og silungsveiði (607. mál), um Veiðimálastofnun (612. mál) og um fiskrækt (613. mál). Í hverju frumvarpi fyrir sig eru felldar úr gildi viðkomandi greinar gildandi laga en einungis í þessu frumvarpi er tilgreint hvað gera eigi við það sem eftir stendur af lögnum.

Umhverfisstofnun bendir á að óvíst er enn hvort og þá hvaða frumvörp af þessum 5 verða samþykkt frá Alþingi og að gæta þurfi að tilvísunum milli þeirra við vinnslu á Alþingi. Ef öll frumvörpin verða samþykkt munu einungis 3 greinar standa eftir af núverandi lögum, þ.e. 94., 98. og 99. grein, en þar er fjallað um fiskræktarsjóð og svokallaða veiðimálanefnd. Umhverfisstofnun telur óheppilegt í slíku tilfelli að hafa heiti laga eins og lagt er til í 16. gr. frumvarps um fiskrækt (613. mál) og leggur til við landbúnaðarnefnd að sérstaklega verði skoðað hvornig því máli verði lokið við afgreiðslu frumvarpanna. Ef öll frumvörpin „fara í gegn“ telur Umhverfisstofnun heppilegra að breyta heiti gildandi laga í lög um fiskræktarsjóð, ellegar fella áðurnefndar greinar inn í þetta frumvarp og fella gildandi lög þar með úr gildi í heild sinni. Sérstaklega þarf að huga að þessu ákvæði ef frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (607. mál) verður ekki að lögum.

Umhverfisstofnun bendir og á að 94., 98. og 99. gr. gildandi laga fjalla um svonefndan fiskræktarsjóð og stjórnun hans og telur stofnunin að mörgu leyti eðlilegra að fella þau ákvæði inn í þetta frumvarp (um fiskrækt).